

# Menntastefna Mýrdalshrepps

2011 - 2013



Sveitarstjórn Mýrdalshrepps fól fræðslunefnd, á fundi sínum 15. mars 2007, að vinna að heildstæðri menntastefnu fyrir sveitarfélagið. Þá voru þrjú skólar starfandi innan þess, leik-, grunn-, og tónskóli, sem voru sameinaðir í einn skóla 1. ágúst 2009 og hlaut skólinn nafnið Víkurskóli. Fræðslunefnd skipaði stýrihóp til að vinna menntastefnu sveitarfélagsins fyrir hönd nefndarinnar. Í hópinn voru skipað Þorgerður Einarsdóttir, Inger Sciöth og Andrína G Erlingsdóttir úr fræðslunefnd og Harpa Jónsdóttir og Eiríkur Tryggvi Ástþórsson úr hópi foreldra. Auk þess sat Magnús Sæmundsson skólastjóri fundi hópsins og vann náið með honum. Hópurinn hélt 10 fundi og átti gott samstarf við ýmsa aðila, bæði úr skóla, sveitarstjórn og samfélagi.

Í menntastefnu Mýrdalshrepps má sjá hvaða gildi sveitarfélagið vill setja í öndvegi, markmið og leiðir í menntamálum, og ekki síður hvað sveitarfélagið getur boðið nemendum og aðstandendum þeirra. Menntastefnan endurspeglar metnaðarfullt starf sveitarfélagsins í menntamálum og jákvætt viðhorf þess til málaflokksins. Sveitarfélagið skuldbindur sig til að standa vörð um menntun nemenda, hvort heldur er í leik-, grunn- eða tónskóla og leggur sig fram um að gera aðstæður eins góðar og unnt er hverju sinni.

#### **Mýrdalshreppur vill:**

- bjóða upp á fjölbreytt og framsækið nám við hæfi hvers og eins
- tryggja eðlilega samfellu milli skólastiga og bjóða farsæla leið allt frá leikskóla til framhaldsnáms
- nýta ólíkar leiðir til þekkingaröflunar svo sem: útikennslu, umhverfisfræðslu og upplýsinga- og tæknimenntar
- auka veg list- og verkgreina og gera þá kennslu að órjúfanlegum þætti menntunar
- að upplýsingastreymi milli heimila og skóla verði markvisst og gott
- að skóli sveitarfélagsins sé í tengslum við umhverfi sitt, náttúru, menningu og atvinnulíf
- að nemendur séu vel undirbúnir til að takast á við þau tækifæri sem bíða þeirra eftir að skólagöngu lýkur og hafi náð að tileinka sér skapandi og frjóa hugsun samfara því að bera sjálfir ábyrgð á frekari þekkingarleit



Menntastefna Mýrdalshrepps nær til leik-, grunn- og tónskóladeilda Víkurskóla. Hana skal endurskoða á tveggja ára fresti, með það að markmiði að meta gildi hennar, gæði og hvort hún

uppfylli þær kröfur sem samfélagið gerir miðað við aðstæður hverju sinni. Hún er vegvísir íbúa sveitarfélagsins, hvetur þá til frekari dáða og styður við það sem vel er gert.

### Skóli fyrir alla

Skólastarf í Mýrdalshreppi hefur breyst mjög á undanförunum árum.

Vægi menntunar hefur aukist, hvort sem um er að ræða leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla eða háskóla. Möguleikar fólks til menntunar hafa einnig aukist með tilkomu hinna ýmsu skóla á öllum skólastigum, ekki síst með fjarkennslu.

Menntun er frumréttur hvers barns. Börn eru mismunandi og hafa ólík áhugamál, hæfileika og námsþarfir. Í skipulagi menntakerfis og tilhögun náms ber að taka mið af miklum mun á einstaklingum og þörfum þeirra.

Eðlilegt og eftirsóknarvert er að ekki séu allir eins. Mikilvægt er að hver nemandi fái að njóta sín miðað við getu, sérstöðu, þarfir, áhuga og styrkleika. Skólinn er vinnustaður þar sem starfið á að einkennast af samvinnu, vellíðan, gleði, öguðu frjálsræði, lýðræði, notalegum vinnuaðstæðum, fjölbreytni og sveigjanleika. Lögð er áhersla á samvinnu starfsfólks, faglega umræðu og vilja til nýbreytni.



### Heimili og skóli

Mýrdalshreppur leggur áherslu á að:

- gott samstarf og gagnkvæm virðing ríki milli heimila og skóla sem byggir á jákvæðum samskiptum
- foreldrar/forráðamenn séu hvattir til samvinnu og þátttöku um menntun og uppeldi
- þekking foreldra á eigin börnum sé metin að verðleikum
- foreldrar/forráðamenn séu vel upplýstir um náms- og kennsluaðferðir
- foreldrar/forráðamenn séu alltaf velkomnir í skólann

### Aðstaða og þjónusta

Mýrdalshreppur vill undirstrika að þjónustustig skólans á að vera hátt, svo að starfsemi hans nýtist, nemendum og samfélaginu öllu, sem best. Hátt þjónustustig næst m. a. með hæfu starfsfólki, sem gengur glatt til sinna starfa.

Mýrdalshreppur leggur áherslu á að:



- húsnæði, búnaður og leiksvæði skólans séu í samræmi við lög og reglugerðir hverju sinni og tryggt sé að búnaður sé samkvæmt vinnuverndarákvæðum
- nemendur og starfsmenn eigi kost á hollri máltíð í skólanum
- lengd viðvera bjóðist nemendum 1.- 4. bekkjar
- skipulag umferðar ökutækja við byggingar, þar sem starf með börnum og unglingum fer fram, sé með þeim hætti að öryggi fólks sé tryggt
- vinnuaðstaða nemenda og starfsfólks sé aðlaðandi, hvetjandi og vel tækjum búin
- tryggja að úti- og innileiksvæði séu fjölbreytt og námshvetjandi
- möguleiki sé á að flétta saman tónlistar-, leik- og grunnskólanám
- húsnæði skólans nýtist til tómstunda- og félagsstarfa
- auka við, bæta og viðhalda tölvu- og bókakosti allra deilda skólans
- gerðar verði nauðsynlegar úttektir á tækjakosti og tæknibúnaði allra deilda skólans sem liggja fyrir við upphaf skólaárs

### Heilsa og hollir lífshættir

Mýrdalshreppur vill stuðla að líkamlegu, andlegu og félagslegu heilbrigði skólabarna og starfsfólks, með því að bjóða upp á heilsusamlegt og aðlaðandi starfsumhverfi, næringarríkt hollt fæði og stuðla að hreyfingu og útiveru. Í samstarfi við ungmennafélagið og fleiri skal boðið upp á öflugt og fjölbreytt íþróttastarf þar sem flestir geta fundið hreyfingu við hæfi. Mýrdalshreppur leggur áherslu á gott samstarf milli heilsugæslu og skóla.



### Umhverfismál

Mýrdalshreppur vill gefa umhverfisfræðslu aukið vægi, sérstök áhersla sé lögð á umhverfisvæna starfshætti og lífsstíl og að endurvinnsla, góð nýting og virðing fyrir umhverfinu verði sjálfsagður hlutur í námi hvers og eins.

Mýrdalshreppur vill nýta umhverfi sitt til þekkingaröflunar og vera í fararbroddi hvað það snertir. Áhersla er lögð á náttúrufræði og náttúruvernd, samfara mikilvægi þess að þekkja hlutverk okkar manna í því flókna samspili. Gefa skal hverjum og einum kost á að upplifa umhverfið með margvíslegum hætti svo sem með verklegu útinámi og vettvangsheimsóknum. Með því öðlast nemendur aukna þekkingu á því hvernig umhverfi við búum í og ábyrgð okkar á, að skila því sem best til komandi kynslóða. Þannig leggjum við áherslu á að nemendur séu í sem bestum tengslum við umhverfi og náttúru.

### **Endurmenntun/símenntun**

Mýrdalshreppur vill leggja sitt af mörkum til að skólasamfélagið laði að sér vel menntað fagfólk á öllum sviðum. Það skal gert með áhuga, virkni og gleði að leiðarljósi. Sveitarfélagið vill skapa umhverfi þar sem metnaðarfullt starfsfólk ásamt nemendum og íbúum samfélagsins tekur höndum saman og byggir upp til framtíðar. Mýrdalshreppur vill að endurmenntunarmöguleikar starfsfólks á hverjum tíma séu eins góðir og hægt er. Að auki leggur sveitarfélagið áherslu á að koma til móts við starfsfólk sitt með framsæknu og sveigjanlegu skólastarfi milli skólastiga þannig að það fái tækifæri til að vinna að ólíkum verkefnum innan sömu stofnunar.

Símenntun fólks úti á hinum almenna vinnumarkaði er orðin sjálfsögð og þá skiptir engu hvaða grunn eða prófgráðu fólk hefur. Mýrdalshreppur leggur áherslu á mikilvægi sí- og endurmenntunar á öllum sviðum atvinnulífsins.

### **Skólaþróun**

Mýrdalshreppur vill að skólaþróun verði í sífelldri mótun og að framsæknar og skapandi hugmyndir fái tækifæri til að njóta sín. Starfsfólk sé hvatt til að leita nýrra leiða í kennsluháttum og fái aukið sjálfstæði. Mikilvægt er að skólinn sé í fararbroddi í samfélaginu og leiði það fram á við í þekkingaröflun og að námið taki ávallt mið af því besta sem þekktist hverju sinni.

### **Leikskóladeild**

Mýrdalshreppur undirstrikar að leikskólinn er fyrsta skólastigið og vill að börnum á leikskólaaldri bjóðist leikskólakennsla sem hæfir aldri þeirra og þroska. Leikurinn er mikilvægasta náms- og kennslutæki leikskólans. Áhersla skal lögð á skapandi og hvetjandi umhverfi, þar sem hlúð er að andlegri og líkamlegri vellíðan barnanna. Leikskólinn skal vera í nánú samstarfi við önnur skólastig, umhverfi og samfélag. ( lög nr. 90/2008 )



### **Grunnskóladeild**

Samkvæmt lögum, er grunnskólinn 10 ára skóli. Grunnskólinn er skyldunám og er hverju sveitarfélagi skylt að sjá öllum börnum á aldrinum 6 - 16 ára, sem þar eiga lögheimili, fyrir skólavist. Þannig er grunnskólinn stór hluti af lífi nemenda sinna og þar með samfélagsins alls. Í grunnskólanum skal unnið að því í samvinnu við heimilin að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðissamfélagi. ( lög nr. 91/2008 )

Grunnskóladeild Víkurskóla er stærsta eining skólans og kjarni þessarar öflugu menntastofnunar.

## Tónskóladeild

Mýrdalshreppur vill að í tónskóladeild Víkurskóla gefist nemendum kostur á vandaðri einstaklings- og hópkennslu í hljóðfæraleik, jafnt í rytmískri og klassískri tónlist, samspili og tónfræðigreinum. Mýrdalshreppur leggur áherslu á að tónskóladeildin sé virk og sýnileg í samfélaginu og að kennarar og nemendur starfi með listamönnum og menningarstofnunum. ( lög tónlistarskóla nr. 75/1985 )

## Tengsl milli skólastiga og við framhaldsskóla

Mýrdalshreppur leggur áherslu á:

- að samstarf ríki milli allra deilda Víkurskóla þar sem hagsmunir nemenda sitja í fyrirrúmi
- að lögð sé áhersla á gagnkvæmar skólaheimsóknir
- mikilvægi þess að kennarar allra deilda þekki námsefni og námskröfur allra skólastiga
- að stjórnendur Víkurskóla leitist við að hafa samráð við ungmennafélag og önnur félagasamtök, félagsmiðstöð og kirkju um skipulag tómstunda hjá börnum og unglíngum í Mýrdalshreppi
- nemendum og íbúum sveitarfélagsins sé boðið upp á aðstöðu til framhaldsnáms í fjarnámi
- að Víkurskóli verði vettvangur fyrir hvers konar félags- og menningarstarfsemi, símenntun og fullorðinsfræðslu íbúa í sveitarfélaginu



Menntastefna Mýrdalshrepps skal vera leiðarvísir stjórnenda skóla og sveitarfélags. Hún er einnig ætluð öllum öðrum íbúum sveitarfélagsins. Endurskoðað haustið 2011 af Láru Oddsteinsdóttir formanni fræðslunefndar, Hörpu Jónsdóttur úr hópi foreldra og Önnu Björnsdóttur skólastjóra